

**Rennslismælingar á vegum Orkustofnunar
og Landsvirkjunar á hálendinu veturinn
1985-1986**

Ásgeir Sigurðsson

Greinargerð ÁS-86/01

Rennslismælingar á vegum Orkustofnunar og
Landsvirkjunar á hálendinu veturinn 1985-86.

Veturinn 1985-86 voru farnar tvær lengri ferðir um hálendi Íslands á vegum Landsvirkjunar og Orkustofnunar. Tilgangur ferðanna var þrí-þættur, í fyrsta lagi að mæla rennsli á völdum stöðum, í öðru lagi að sinna siritandi vatnshæðarmælum, og í þriðja lagi að mæla grunnvatnsborð og grunnvatnshita.

Fyrri ferðin hófst þann 14. janúar 1986 og lauk þann 25. janúar. Farið var frá Hrauneyjafossvirkjun í Þúfuver á fyrsta degi. Samflot var með Línudeildarmönnum LV fystu daganna. Á öðrum degi var mældur snjór á leið vantanlegrar Sprengisandslínu. Einnig var farið í þrjú spenn og lesið af þeim. Gist var í Laugafelli. Næstu fjóra daga var mælt rennsli á vatnasviði Austari Jökulsár og Vestari Jökulsár. Einnig var mælt í borholum á svæðinu. Á sjöunda degi ferðarinnar var farið í Blöndu búðir og mælt á vatnasviði Blöndu þann dag og næstu þrjá daga. Á ellefta degi var haldi frá Hveravöllum að Hvítá og mælt við Hvítárvatnsbrú. Komið í Hrauneyjar á tólfta degi.

Farin var stutt ferð í Kvíslarveitur og að Þjórsá dagana 29-31. janúar til mælinga. Aðstæður höfðu ekki breyst frá ferðinni á undan og eru því mælingar sambærilegar.

Veður þennan tíma var að jafnaði skaplegt, en mikið frost og hafði verið svo nokkra hríð áður en ferðin hófst.

Síðari ferðin hófst þann 8. apríl 1986 og lauk henni þann 19. apríl. Farið var upp frá Hrauneyjum og í Þúfuver á fyrst degi. Á öðrum degi var haldið í Krepputungu, á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Þar var verið við mælingar þriðja og fjórða dag ferðarinnar. Á fimmta degi var mælt við Skjálfafljót og haldið þaðan í Laugafell. Mælt var á Skagfirska hálendinu næstu þrjá dagana. Á níunda degi var haldið í Þúfuver og mælt þar þann dag og þann næsta. Á ellefta degi var Þjórsá mæld við Norðlingaöldu og þann tólfta var Tungnaá mæld við Hófsvað.

Veður var gott allan tímann, yfirleitt vægt frost, en gætti þó hvergi sólbráðar. Vikurnar fyrir ferðina höfðu einnig verið umhleypinga litlar. Í töflu 1. eru sýndar niðurstöður rennslismælinga úr báðum ferðum.

Rétt er að geta þess að bæði Orkustofnun og Landsvirkjun stunduðu vetrarmælingar á rennsli á hálendinu, til viðbótar þessum ferðum, má þar nefna mælingar í Kvíslarveitum, Tungnaá, á Fljótsdalsheiði, við Markarfljót og Hólmsá, og á Hvítársvæðinu.

Tafla 1.

Vatnsfall	Staður	Fyrri ferð Rennsli/ Dagsetn.	Síðari ferð Rennsli/ Dagsetn.
Austari Jökulsá, Eyfirðingavað		8.5 860116	7.2 860413
Geldingsá, ofan vaðs			1.25 860413
Runukvísl, ofan gljúfurs		0.85 860117	0.69 860414
Hraunpúfnaá, ofan Ystu-Kvíslar		0.31 860118	0.75 860414
Vestari Jökulsá, Skiptabakki		0.69 860119	0.58 860415
Vestari Jökulsá, ofan Miðh.ár			1.24 860415
Miðhlutará, við merki		2.7 860119	2.33 860415
Blanda, vhm054		14.8 860120	16.0 860416
Blanda, Sandárhöfða		13.7 860121	
Seyðisá, öll		5.6 860123	
Beljandi ofan Seyðisár		2.6 860123	
Hvítá, vhm057		26.1 860124	27.71 860403

Þjórsá, stíflustæði		7.22 860416
Þjórsá, Norðlingaalda	29.0 860131	19.7 860418
Aðveituskurður Þórisvatns, brú		17.8 860418
Tungnaá, Hófsvað		41.17 860419
Jökulsá á Fjöllum, Upptyppingar		48.4 860410
Jökulsá á Fjöllum, neðan Svartár		40. 860411
Jökulsá á Fjöllum, ofan Svartár		16.0 860411
Svartá, ofan Jökulsár		15.9 860411
Arnardalsá, milli Arnardalsfjalla		5.78 860410
Kreppa, ofan lindalækjar í skarði		6.46 860410
Skjálfandafljót, neðan Gjallanda		5.3 860412